



FUNDARGERÐ

**4. fundur Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps
haldinn á Laugalandi , 5. nóvember 2018
og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Steindór Tómasson, Guðmundur Gíslason, Águst Sigurðsson, Guðni Kristinsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Águst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Vettvangsferð Vatnsveitustjórnar - 1612009

Farið verður í vettvangsferð að Lækjarbotnum m.a.

Farið var í vettvangsferð að Lækjarbotnum og að Fögrubrekku.

2. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 29112018 - 1811077

Rekstur janúar-október

Lagt fram til kynningar yfirlit um rekstur veitunnar fram til loka október 2018.

3. Málefni notenda vatnsveitu - 1709022

Vinnulag og reglur

3.1 Brynningartæki utanhúss

Mikilvægt er að skerpa á reglum varðandi brynningartæki utanhúss og almennt vatnstöku úr veitukerfinu. Reglur þurfa að vera skýrar þannig að ávallt sé fengið sérstakt leyfi hjá vatnsveitunni fyrir allri vatnstöku úr veitukerfinu. Allar utanhússlagnir þarf að tilkynna og skrá.

3.2 Reglur varðandi tengingu við vatnsveituna

Setja þarf skýrar reglur um hvernig skuli staðið að tengingu við vatnsveituna. Stefnt skal að því að leggja fram reglur um verklegar framkvæmdir og tengingar við vatnsveituna á næsta fundi stjórnar sem áætlaður er 17. desember kl 16:30.

3.3 Upplýsingar og kynning til notenda

Ákveðið að vatnsveitan gefi út bækling í upphafi nýs árs þar sem nýjar reglur verða kynntar og fyrirhugaðar framkvæmdir veitunnar.

4. Gjaldskrá Vatnsveitu 2019 - 1809010


Vinna við endurskoðun gjaldskrár.


Farið var yfir texta að endurnýjaðri gjaldskrá vatnsveitunnar. ÁS og GGK falið að vinna málið áfram og leggja fram tillögu á næsta fundi stjórnar.

[Handwritten signatures and initials]


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.


Haraldur Eiríksson


Guðmundur Gíslason


Steindór Tómasson


Agust Sigurðsson


Þorfinnur Þorfinnsson